

Bæjarráð Akureyrarbæjar

Efni: Beiðni um styrk vegna útgáfu bókarinnar *Hið ljúfa læsi*. Handbók í læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema.

Bókin er samin á s.l. sex árum. Hún er að öllu leyti unnin á Íslandi og prentuð hjá Ásprenti. Upplag er 500 eintök. Bókin er 240 síður innbundin. Á minnislykli sem fylgir bókinni eru nemendaverkefni á 270 síðum. Bókin var tilbúin 6. september s.l. Eini styrkurinn sem ég hef fengið eru rúmlega kr 1.100.000 frá Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna. Hann hefur farið í að greiða niður bókina. Að öðru leyti gef ég bókina út á eigin kostnað. Eintak kostar frá mér kr. 9.167 + 11% vsk. kr. 1033. Verð frá mér er því kr. 10.200. Gera má ráð fyrir því að út úr búð kosti bókin 14 til 16 þúsund.

Ég leita því eftir styrk sem samsvarar einum mánaðarlaunum reynds grunnskólakennara kr. 500.000 til að geta gefið bókaverslunum afslátt. Eins og sjá má ætla ég mér enga þóknun, hvorki sem höfundur eða útgefandi.

<i>Fjárhagsáætlun:</i>	
Ásprent	3.900.000
Deloitte bókhald, áætlað	120.000
Minnislyklar	149.088
Sjálfímandi vasar	41.225
Ljósritun	29.500
Pappír, duft, ritföng	45.000
G. Ármann teiknari	400.000
Kápuhönnun	40.000
Ófyrirséð	100.000
Auglýsingar áætlaðar	120.000
Prófarkalestur	180.000
Umsýsla, dreifing o.fl.	100.000
	5.224.813
mínus starfslaun 1.100.000	
	4.124.813

Fræðin og helstu sjónarmið bak við bókina:

- Bókin byggir á nýlegum fræðum í bland við eldri, ekki síst rannsóknir á „best practice“, sbr. heimildaskrá. Niðurstöður rannsókna endurspeglast í daglegu starfi í kennslustofunni. Gengið er skrefi lengra með því að sýna hvernig þessa sér svo stað í verkefnum nemenda.
- Hið ljúfa læsi gengur út frá því að nemendur eflist að þekkingu, færni og viðhorfum. Þeir stundi athafnamiðað nám, sem kallar á vandaða samvinnu, samræðu og deilda ábyrgð. Segja má að samvinna og samræða nemenda í námi séu rauði þráðurinn í bókinni.

- Hlutverk og framlag nemenda breytist nokkuð frá hefðbundnu hlutverki. Ekki er mælt með því að kennari kenni eina námsbók upp við töflu og nemendur leysi viðfangsefni í tilheyrandi vinnubókum. Þess í stað vinni nemendur að viðfangsefnum, aflu víða fanga, innan og utan skólaveggja. Það er mikilvægt að nemendur læri að læra í skólanum og læri að skipuleggja hvernig þeir ætla að bera sig til við námið, sbr. *Stoðkort 4.0.1. Haldreipi* á bls. 76.
- Ástæða er til að nefna áherslu á námsaðlögun og einstaklingsmiðun og ásamt því að nemendur takist á við krefjandi verkefni.
- Í viðfangsefnum sem samþætta námsgrein og læsi er lögð áhersla á skrifleg læsismarkmið þannig að sjá megi hvaða færni kennarinn er að efla.

Ég reikna með að ýmsir bæjarráðsmenn þekki til vinnu minnar í grunnskólum Akureyrar frá þeim tíma þegar ég starfaði sem kennsluráðgjafi og sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar hjá HA. Árið 2012 fékk ég viðurkenningu frá skólanefnd Akureyrar: „*fyrir ómetanlegt framlag til skólamála.*“

Það kæmi sér afar vel ef bæjarráð Akureyrarbæjar gæti lagt þessari útgáfu lið. Meðfylgjandi er eintak af bókinni.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Rósa Eggertsdóttir
Norðurbyggð 20
600 Akureyri

sími 894-0568, rosa@ismennt.is